

BORGARRÁÐ 25. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um viðbrögð Reykjavíkurborgar við athugun á upplýsingum fyrir fatlað fólk á vefsíðum - R21030283

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar birti niðurstöður athugunar á upplýsingum um réttindi og þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga, þ. á m. hjá Reykjavíkurborg. Athuginin fór fram á tímabilinu 17. júlí til 3. ágúst 2020. Vefsíður eftirfarandi sveitarfélaga voru skoðaðar: Akureyrarbær, Fljótsdalshérað, Garðabær, Ísafjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Stykkishólmsbær. Athuginin leiddi í ljós að ýmislegt þurfti að bæta. Hvernig hefur Reykjavíkurborg brugðist við þeim ábendingum sem komu fram hjá Gæða- og eftirlitsstofnuninni?